



Ruth Margrét Friðriksdóttir og Bragi Guðmundsson

## „Átthagarnir eru hverjum manni miðstöð heimsins“

### Hugmyndir íslenskra skólamanna á síðasta hluta nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu um grenndaraðferð í skólastarfi

► Um höfunda ► Efnisorð

Viðfangsefni þessarar greinar eru hugmyndir íslenskra skólamanna um nýtingu grenndaraðferðar í skólastarfi á áratugunum kringum 1900. Gengið er út frá þremur rannsóknarspurningum: *Hvaða hugmyndir höfðu íslenskir skólamenn um grenndaraðferð og grenndarkennslu í kringum aldamótin 1900? Hvernig birtust þessar hugmyndir og að hvaða marki í tímaritum á þeim tíma? Hverjar eru rætur hugmynda íslenskra skólamanna um nýtingu nánasta umhverfis til náms?*

Til að fá svör við þessum spurningum var byrjað á því að kanna efnisyfirlit skóla- eða menntatímarita og fáeinna annarra rita og skoða vandlega allar greinar sem bera heiti er benda til þess að í þeim sé eitthvert efni sem tengist grenndaraðferð eða grenndarkennslu. Sú leit bar umtalsverðan árangur og frá niðurstöðum hennar segir hér á eftir. Í þeirri umfjöllun er lítil greinarmunur gerður á hugtökunum grenndarkennslu og grenndaraðferð þótt það fyrrnefnda vísi til þess þegar áhersla er lögð á að kenna nemendum um grenndina en grenndaraðferð til þess þegar viðfangsefni úr nágreppi eru nýtt sem uppspretta hugmynda eða samanburðar við kennslu.

Rannsóknaraðferðin er í eðli sínu söguleg og framsetning efnisins einnig. Í ljós kemur að íslenskir skólamenn höfðu margar og býsna fjölbreyttar hugmyndir um ágæti þess að nýta grenndina við kennslu og rökstuddu kosti þess gjarnan með vísun í uppeldisfræðileg sjónarmið. Í skrifum nokkurra þeirra má jafnframt greina sterka þjóðerniskennd, tengsl við vaxandi félagshreyfingar og áherslu á ættjarðar-ást. Helstu námsgreinar sem höfundar tengja við grenndaraðferð eða grenndar- kennslu eru saga, náttúrufræði, landafræði og átthagafræði.

**“The global centre is always local”: An overview of Icelandic educationalists’ ideas in the late 19th and early 20th century on the use of local studies in school work**

► **About the authors** ► **Key words**

In recent years educationalists’ attention has, amongst other things, turned to the possibilities schools have to use their closest surroundings for study purposes by going on field trips, setting up facilities for outdoor teaching, and/or using examples from each school’s cultural or natural environment to make the studies as meaningful as possible. Ideas of this kind are commonly linked to a recent concept, local studies, but their foundations have been in place within the field of education for a long time.

The object of this study is to examine how educationalists’ ideas on the utilization of local studies appeared in selected newspapers and journals towards the end of the 19th century and in the beginning of the 20th century, when the foundations of the present Icelandic educational system for children and teenagers were discussed and laid. The research questions which guides the study are as follows: *What were the ideas of Icelandic educationalists on local studies and local teaching around 1900? How, and to what extent, did these ideas appear in journals from this time? Which are the sources of Icelandic educationalists’ ideas about the use of local surroundings for teaching purposes?* The answer to these questions is sought by analyzing educational journals and a few general journals from this period.

The first parts of the article consist of short definitions, a description of how sources were gathered, and a brief discussion of the relevant journals. This is followed by an examination of the clues found regarding the ideas on local studies and local teaching in the period in question. This examination is divided into two parts. The former covers the period prior to the publication of Guðmundur Finnbogason’s book *Lýðmenntun* in 1903 and the passing of the law on compulsory education four years later. The second part deals with the debate which followed in the wake of the passing of the public educational law and lasted until 1920, when the return of Steingrímur Arason from USA resulted in noteworthy changes. The parts of *Lýðmenntun* which address curricular matters are also discussed. Finally, the findings are discussed and summarized.

The authors’ main conclusion is that the study reveals that a century ago Icelandic educationalists had a clear picture of using local studies for teaching purposes. Their ideas were adapted to Icelandic circumstances but their roots can be traced further back in time. Not all these roots can be examined in detail, but four call for further scrutiny.

Firstly, romanticism, nationalism, and the fight for independence in the 19th century caused a change of focus in Icelanders’ search for role-models, as international standards were to some extent replaced by national symbols embodied in medieval heroes or the harsh but invigorating nature of Iceland. This switch appeared in its purest form in patriotic poetry, Icelandic history that was taught, in a nationalistic spirit, emphasizing the importance and initiative of strong individuals. This historical interpretation underlined the importance and ability of Icelanders and drew a clear line between right and wrong. In other words, it was perfectly clear to the reader when good compatriots were wronged by evil foreigners.

Secondly, direct and indirect influences from the folk school movement in Denmark, and later Norway and Sweden, should be mentioned. A large group of Icelanders went to Askov and other Scandinavian folk schools in the last two decades of the 19th century and the first three decades of the 20th century.

„Átthagarnir eru hverjum manni miðstöð heimsins“: Hugmyndir íslenskra skólamanna á síðasta hluta nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu um grenndaraðferð í skólastarfi

The influence from these schools appeared e.g. in schools run by Sigurður Þórólfsson in Reykjavík 1902–1904 and Hvítárþakki in 1905, and in the school founded by Sigtryggur Guðlaugsson in Núpur in Dýrafjörður 1907. The agricultural schools in Hólar and Hvanneyri were a further outlet for these influences.

Thirdly, youth associations, which originally were closely related to the folk schools and became quite common in Norway in the latter half of the 19th century, were influential. Initially, these associations rested on Grundtvigian foundations, but their religious focus was soon replaced by an emphasis on public enlightenment and political liberalism. This movement was brought to Iceland in the first decade of the 20th century and quickly established itself quite firmly, especially in rural areas. Patriotism and public enlightenment quickly became their main fields of interest, and this materialized in e.g. forestry and handwritten pamphlets which honed their authors' writing and argumentation skills.

The fourth kind of influence behind the emphasis on local studies was also of foreign origin, even though the educational thinkers in this case were not Scandinavian. It is difficult to trace their direct influence until the beginning of the 20th century, but the visits of a handful of Icelanders to USA (Chicago, New York and other cities) for educational purposes are critical. In USA they got acquainted with international ideas which they brought with them to Iceland with good results. When all four strands mentioned above combined, an exciting ideological melting pot was created which is still quite evident in the school environment in Iceland.

## Inngangur

Á undanförunum árum hefur áhugi skólamanna meðal annars beinst að möguleikum skóla til þess að nýta næsta nágrenni sitt til náms með því að fara í vettvangsferðir, koma upp aðstöðu til útikennslu eða taka dæmi úr menningarlegu sem náttúrulegu umhverfi hvers skóla til þess að gera námið sem merkingarbærast. Fyrirmæli í þessa veru eru til dæmis skýr í gildandi aðalnámskrám leik- og grunnskóla. En þótt hugmyndir af þessu tagi séu gjarnan kenndar við nýlegt hugtak, *grenndaraðferð*, hafa þær að stofni til fylgt mennta- viðleitni og menntastofnunum um langan aldur.

Í þeirri rannsókn sem hér er kynnt er viðfangsefnið að kanna hvernig og að hvaða marki viðhorf skólamanna til nýtingar grenndaraðferðarinnar birtust í blöðum og tímaritum undir lok nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu. Á þeim árum ræddu menn og lögðu grunn að því fræðslukerfi barna og unglunga sem síðan hefur þróast í landinu. Gengið er út frá þremur rannsóknarspurningum: *Hvaða hugmyndir höfðu íslenskir skólamenn um grenndaraðferð og grenndarkennslu í kringum aldamótin 1900? Hvernig birtust þessar hugmyndir og að hvaða marki í tímaritum á þeim tíma? Hverjar eru rætur hugmynda íslenskra skólamanna um nýtingu nánasta umhverfis til náms?* Svára er síðan leitað með því að kemma menntatímarit og nokkur almennari rit frá þessu tímabili.

Skýlt er að geta þess að grenndarhugtakið var ekki notað á þeim tíma sem rannsóknin tekur til. Stundum var talað um kennslu um heimahaga eða áttaha en um og upp úr 1920 ruddi sér til rúms þýtt hugtak úr sænsku eða þýsku (s. *hembygdkunnskap*, þ. *Heimatkunde*), orðið *átthagafraði*. Það er hins vegar mat höfunda að rétt sé að nota þau orð eða hugtök sem skólafólki eru töm í munni nú á dögum (sjá t.d. Gerður G. Óskarsdóttir, 2014) því viðfangsefnin eru í meginatriðum þau sömu þótt efnislegt og hugmyndafræðilegt umhverfi höfunda hafi vissulega verið annað fyrir góðri öld síðan.

Greinin hefst á stuttum skilgreiningum, síðan er heimildaöflun lýst og lítillega fjallað um tímaritin sem um ræðir. Að því búnu tekur við meginhluti greinarinnar þar sem greint er frá vísbendingum sem fundust um hugmyndir manna um grenndaraðferð og grenndar-kennslu á umræddum tíma. Umfjölluninni er skipt upp í tvö megingímabil. Annað þeirra tekur til árána fyrir útgáfu *Lýðmenntunar* Guðmundar Finnbogasonar 1903 og setningar fræðslulaganna fjórum árum síðar. Hitt tekur til umræðunnar í kjölfar fræðslulaganna og fram um 1920 þegar umtalsverðar breytingar verða með heimkomu Steingríms Arasonar frá Ameríku árið 1920. Sagt er frá fyrstu skrifum Steingríms um þennan málaflokk en látið þar við sitja.

Framsetning efnisins er að jafnaði í tímaröð. Beinar tilvitnanir eru dálítið notaðar svo hugsanir greinarhöfundar fái notið sín sem best. Í þeim hafa stafsetningarvillur verið lagfærðar og stafsetningu breytt til samræmis við núgildandi reglur. Orðaröð, greinarmerkja-setning og leturbreytingar haldast þó óbreyttar frá upprunalegum texta. Undir lokin eru teknir saman þræðir.

Stofninn að þessari grein er rannsóknarverkefni annars höfundar til B.Ed.-prófs við kennaradeild Háskólans á Akureyri (Ruth Margrét Friðriksdóttir, 2012), hinn höfundurinn var leiðbeinandi við gerð verksins.

## Hugtök og rannsóknaraðferð

Hugtökin *grenndarkennsla* og *grenndaraðferð* eru oft notuð í sömu andrá sem samheiti séu. Á þeim er samt nokkur greinarmunur þótt þau vísi vissulega bæði til þess að nýta það sem næst liggur í tíma og rúmi til kennslu. Með fullum rökum má segja að þau falli bæði undir gamalt skólahugtök, *átthagafærð*, sem mikið var notað á fyrri hluta tuttugustu aldar og raunar nokkru lengur. Að því hugtaki verður komið síðar í þessari grein.

Í kafla sem Bragi Guðmundsson (2000, bls. 55) skrifaði um grenndarfræði í bókinni *Líf í Eyjafirði* segir hann grenndarkennsluhugtakið vísa til þeirrar kennslunálgunar þegar nágreinnið er nýtt eftir föngum og sjóndeildarhringurinn svo víkkaður út „frá hinu nálæga til hins fjarlæga; frá hinu þekktu til hins óþekktu; frá hinu hlutstæða til hins óhlutstæða“. Í grein okkar er valin sú leið að nota frekar orðið grenndaraðferð um það sem Bragi lýsir í texta sínum. Með því er að nokkru fetað í spor Söru Reginu Valdimarsdóttur (2009, bls. 66) þegar hún veltir því fyrir sér hvort ekki sé hentugra að tala um grenndaraðferð í þessu samhengi líkt og þegar talað er um söguaðferð og landnámsaðferð: „Þannig væri ljóst að á sama hátt og saga er lögð til grundvallar í söguaðferð og landnám lands í landnámsaðferð, þá væri grenndin grundvöllurinn í grenndaraðferð.“

Gerður G. Óskarsdóttir (2014) fjallar um tengsl skóla og grenndarsamfélags með áherslu á útinám í nýju riti um starfshætti í grunnskólum við upphaf 21. aldar. Þar gerir hún grein fyrir nokkrum lykilhugtökum sem notuð hafa verið héraðs og erlendis um þetta rannsóknarsvið. Gerður skilgreinir grenndarsamfélag skóla (local community, school community) á eftirfarandi hátt:

Grenndarsamfélag skóla er annars vegar landfræðilegt, bæði náttúra og mann-gert umhverfi, svo sem villt náttúra, fólkvangar, almenningsgarðar eða götur og torg, og hins vegar félagslegt, svo sem fjölskyldur, fyrirtæki, stofnanir, félags-samtök, félagsleg þjónusta, bókasafn, samtök og vinahópar. Grenndarsamfé-lag skóla getur verið skólahverfið, borgar- eða bæjarhluti eða heilt sveitarfélag, allt eftir því hvernig skólinn ákveður að skilgreina það. (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014, bls. 218)

Þessi skilgreining er góð svo langt sem hún nær en er samt ívið of þröng miðað við það rannsóknarefni sem hér er fjallað um því fornan og nýjan menningararf nærsvæðis ber að

„Átthagarnir eru hverjum manni miðstöð heimsins“: Hugmyndir íslenskra skólamanna á síðasta hluta nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu um grenndaraðferð í skólasterfi

telja með. Sá arfur er stundum auðsjáanlegur hverjum sem vill, til dæmis í útilistaverkum og listaverkum á söfnum, eftir öðru þarf að leita, svo sem í munnlegum frásögnum, bókum eða öðrum heimildum. Í beinu framhaldi er eðlilegt að skilgreina hugtakið grenndarnám sem nám um landfræðilegt, náttúrufræðilegt og menningarlegt umhverfi hvers nemanda, skóla eða annarrar menntastofnunar eftir því við hvaða tímabil er miðað. Markmiðið með því að beita aðferðinni getur síðan hvort heldur verið kennslufræðilegt eða samfélagsmiðað ellegar hvort tveggja (sjá t.d. Gerður G. Óskarsdóttir, 2014, bls. 220).

Hugmyndir um að nýta það sem nágrennið hefur upp á að bjóða til náms og þroska eru ævagamlar og miklu eldri en skólar og skólaganga. Þegar barnaskólar tóku að formgerast fylgdu fræðin með og ýmsir hugmyndafræðingar tóku að leggja áherslu á tengsl þeirra við umhverfi sitt. John Dewey er væntanlega slíkra hugsuða þekktastur og bæði í *Democracy and Education* (kom fyrst út 1916 en hefur ekki verið þýdd á íslensku) og *Reynslu og menntun* (kom fyrst út 1938) eru þessar áherslur áberandi. Gunnar Ragnarsson segir í inngangi að síðarnefndu bókinni að höfundur hennar hafi hvorki aðhyllst barnhverfa menntun (e. *child-centered education*) né námsgreinamiðaða menntun (e. *curriculum-centered education*), „heldur það sem hann kallaði sjálfur samfélagshverfa menntun (e. *community-centered education*)“ (Dewey, 2000, bls. 12–13). Gerður G. Óskarsdóttir þýðir þetta sama hugtak sem samfélagsmiðaða menntun (2014, bls. 220). Þegar að einstökum námsgreinum kemur lagði Dewey sérstaka áherslu á mikilvægi náttúruvísinda, einkum landafræði, og sögu. Eða með orðum hans sjálfs: „Enda þótt saga/sagnfræði dragi fram hvernig þræðir mannlegrar tilveru fléttast saman og landafræði varpi ljósi á hvernig ýmsar hliðar náttúrunnar tengjast hver annarri tilheyra þessi tvö svið einni og sömu lífrænu einingunni þar eð mannlífið fer fram í náttúrunni og sækir þangað efnivið og umgjörð þróunar sinnar frekar en að tenging sviðanna sé tilviljunum háð“<sup>1</sup> (Dewey, 2007, bls. 163, þýðing höfunda). Seinna sagði hann að allt sem kalla má „námsgrein, hvort sem það er reikningur, saga, landafræði eða einhver grein náttúruvísindanna, verður að eiga rætur að rekja til efniviðar sem í byrjun liggur innan venjulegrar lífsreynslu“<sup>2</sup> (Dewey, 2000, bls. 83).

Hugmyndir af þessu eða svipuðu tagi voru þekktar hér á landi áður en Dewey skrifaði tilvitnaða texta og þótt tilraunaskóli hans í Chicago á árunum 1896–1904 væri starfræktur í þeim anda sem hann lýsir er alls óvíst um áhrif hans á skrif íslenskra skólamanna fyrir en drjúgum tíma síðar. Í því ljósi er áhugavert að líta til bókarinnar *Lýðmenntun* sem Guðmundur Finnbogason sálfræðingur gaf út árið 1903 eftir tveggja ára rannsókn á uppeldis- og skólamállum á hinum Norðurlöndunum. Á þeirri bók og *Skýrslu um fræðslu barna og unglinga veturinn 1903–1904* byggði hann lagafrumvarp um fræðslu barna sem varð undanfari fræðslulaganna 1907. Þá sögu rekur Jörgen Pind rækilega í bók sinni um Guðmund, *Frá sál til sálar* (2006, bls. 175–240).

Í *Lýðmenntun* útskýrir Guðmundur hvað felst í hugtakinu menntun og gerir grein fyrir markmiðssetningu tíu námsgreina sem hann telur að eigi að kenna í barnaskólum fyrir alþýðu. Sú framsetning er öll hin áhugaverðasta og má í reynd telja fyrstu heildstæðu „námskrána“ fyrir íslenska barnaskóla. Í bókinni *Andans arfur* er rætt um það hvernig umfjöllun Guðmundar um þrjár námsgreinanna, sögu, landafræði og náttúrufræði, einkennist af skýrri grenndarhugsun og áherslu hans á að hefja nám og kennslu á því sem

<sup>1</sup> Á frummálinu: „While history makes human implications explicit and geography natural connections, these subjects are two phases of the same living whole, since the life of men in association goes on in nature, not as an accidental setting, but as the material and medium of development.“

<sup>2</sup> Á frummálinu: „Anything which can be called a study, whether arithmetic, history, geography, or one of the natural sciences, must be derived from materials which at the outset fall within the scope of ordinary life-experience“ (Dewey, 1963, bls. 73).

næst er (Bragi Guðmundsson, 2005, bls. 103 og 108–110). Sams konar hugsun er í umfjöllun Guðmundar um fleiri námsgreinar. – Sjá nánar um það síðar í þessari grein.

Í upphafskafla *Lýðmenntunar* segir Guðmundur að brýnt sé að velja viðfangsefni sem hæfi getu nemenda þar sem áhugi eflist samhliða meðvitund um eigin getu. Af þeim sökum á öll kennsla að hefjast á því sem nemendum er kunnugt og á því skal annað byggjast. Guðmundur vitnar í ónefndan fræðimann, sem hann telur einn fremsta sálfræðing samtímans, er heldur því fram að það sé ávísun á ríkulegan ávöxt „að líkja öllu því sem fjarlæggt er við eitthvað úr átthögnum, að skýra hið óþekkt með því að taka dæmi af því sem þekkt er, og að tengja alla fræðslu við persónulega reynslu nemandans“ (1994, bls. 65). Óljóst er hvaðan Guðmundur hefur fengið þessa hugmynd þar sem hann vísar ekki til heimildarmanns. Í inngangi að endurútgáfu bókarinnar er leitt líkum að því að þessi einstaklingur sé bandaríski sálfræðingurinn William James (Ólafur H. Jóhannsson, 1994, bls. 16). Um hann er meðal annars fjallað ítarlega í fyrrnefndri bók Jörgens Pind, *Frá sál til sálar*.

Þegar rætt er um *grenndarkennslu* hér á eftir vísar það til þess þegar áhersla er lögð á að kenna nemendum um nærsvæði sitt. Aftur á móti er notast við orðið *grenndaraðferð* þegar viðfangsefni úr nágreppi eru nýtt sem uppspretta hugmynda eða samanburðar við kennslu í hvaða námsgrein sem er. Hugtakið *grennd* eða *nágreppi* er í þessu samhengi látið vísa til þess sem augað nemur, þess sem mannleg hugsun hefur skilið eftir sig á sama svæði og þess sem samkennir tiltekna heild, hvort heldur hún er hérað eða landshluti ellegar miklu minni eining, til dæmis þorp.

Þegar rannsóknin hófst var ærið verkefni að afmarka heimildaöflun við ákveðið tímabil, velja tímarit og ákvarða hvers konar leitaráðferð væri hentugust. Umfang verkefnisins leyfði ekki að ráðist væri í rannsókn sem tæki til allra útgefna tímarita á því tímabili sem hún tekur til og við upphaf verks var ómögulegt að sjá fyrir hvort og hversu mikið efni myndi finnast. Upphaflega var því lagt af stað í rannsóknarvinnuna með nokkuð opið tímabil í huga þar sem fyrri tímamörk miðuðust við árið 1880 þegar sett voru lög um uppræðing barna í skrift og reikningi (nr. 2/1880). Það ár markar auðvitað ekki neins konar upphaf hugmynda manna um grenndaraðferð eða grenndarkennslu en draga varð mörkin einhvers staðar og úr varð að setja byrjunarreitinn þar.

Í hinn endann hefði hæglega mátt láta staðar numið 1907 þegar fyrstu almennu lögum um fræðslu barna voru gefin út (*Lög um fræðslu barna* nr. 59/1907), en ákveðið var að víkka tímarammann og skoða tímarit fram að setningu fræðslulaga árið 1926 (*Lög um fræðslu barna* nr. 40/1926). Þremur árum síðar var gefin út fyrsta námskráin fyrir íslenska barnaskóla. Í henni fékk áttthagafræði umtalsverða umfjöllun og úr varð að skoða nokkra árganga til viðbótar. Í upphaflegu rannsókninni var því á endanum staðnæmst við árið 1936 þegar enn voru sett lög um fræðslu barna og skólaskylda færð niður í sjö ára aldur að farskólahverfum undanskildum (Loftur Guttormsson, 2008a, bls. 108–113; *Lög um fræðslu barna* nr. 94/1936; Ólafur Rastrick, 2008, bls. 199–200). Vegna lengdartakmarkana var hins vegar afraðið að ljúka efnisumfjöllun þessarar greinar upp úr 1920 af ástæðu sem þegar hefur verið nefnd.

Við val á heimildum var athyglinni fyrst og fremst beint að þeim sem fjölluðu um fræðslu- og menntamál á hinu afmarkaða tímabili en auk þeirra voru skoðuð fáein blöð og tímarit almenns efnis. Það var einkum gert til að fylla upp í eyður þau ár sem engin tímarit um menntamál komu út. Auk tímarita var einnig leitað efnis í útgefnum bókum, svo sem sjá má í tilvísunum og heimildaskrá, og „námskrárhloti“ *Lýðmenntunar* fær sérstaka umfjöllun. Í upphaflegu rannsókninni er ítarleg skrá um þau rit sem könnuð voru, hvort heldur leit í þeim bar árangur eða ekki (Ruth Margrét Friðriksdóttir, 2012, bls. 47–54).

„Átthagarnir eru hverjum manni miðstöð heimsins“: Hugmyndir íslenskra skólamanna á síðasta hluta nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu um grenndaraðferð í skólastarfi

Aðstæður til vinnunnar voru góðar og fór grunnsöfnun gagna fram á Amtsbókasafninu á Akureyri, á Landsbókasafni – Háskólabókasafni og í einkasafni. Mörg tímarit eru aðgengileg í stafrænu formi á *Tímarit.is* svo sá möguleiki var fyrir hendi að nota ákveðin leitarorð og leita í heildartextum þar. Því fylgir hins vegar sá annmarki að bæði stafsetning og orðanotkun er ekki alltaf sambærileg við það er nú gerist og einnig er hætt á að við einfalda tölvuleit misfarist efni þar sem þarf að lesa á milli lína til að finna vísbendingar um það sem leitað er að. Sú aðferð var því útilokuð og fyrst í stað var valið að fletta í gegnum öll tölublöð. Eftir að það hafði verið gert við *Menntamál* og *Skólablaðið* var aðferðin endurskoðuð og ákveðið að framvegis væri nægilegt að skoða efnisyfirlit og grandskoða aðeins greinar sem báru heiti er bentu til þess að í þeim væri efni sem tengist viðfangsefninu.

## Tímarit

Íslensk kennarastétt eignaðist ekki sérstakt mál gagn fyrir en með *Tímariti um uppeldi og menntamál* árið 1888. Að því stóðu þrír kennarar við gagnfræðaskólann í Flensborg, þeir Jóhannes Sigfússon, Jón Þórarinnsson og Ögmundur Sigurðsson. Jóhannes og Jón voru auk þess meðal stofnenda fyrstu kennarasamtaka á Íslandi árið 1889, Hins íslenska kennarafélags. *Tímaritið* var gefið út einu sinni á ári og í því birtust fjölþættar greinar um skólamál, ýmist eftir ritstjórana sjálfa eða aðra skólamenn. Einungis komu út fimm árgangar þar sem hættu þurfti útgáfunni sökum fjárskorts (Gunnar M. Magnúss, 1939, bls. 242 og 305).

Eftir að hætt var að gefa út *Tímarit um uppeldi og menntamál* samdi stjórn Hins íslenska kennarafélags við Björn Jónsson, ritstjóra *Heimilisblaðsins*, um að blað hans yrði mál gagn kennara. Það samstarf varð skammvinnu því aðeins komu út þrjú árgangar. Undir aldamótin hófst enn útgáfa á riti ætluðu kennurum þegar Sigurður Jónsson kennari, síðar skólastjóri Barnaskóla Reykjavíkur, hóf útgáfu *Kennarablaðsins*. Það náði ekki útbreiðslu og var aðeins gefinn út einn árgangur. Upp úr 1900 var því ekkert sérstakt tímarit gefið út með efni um fræðslumál og stóð svo uns *Skólablaðið* hóf göngu sína árið 1907 og var gefið út með hléum fram til 1922. Fyrsta árið var Helgi Valtýsson, kennari og rithöfundur, ritstjóri þess, þá Jón Þórarinnsson til 1916 þegar hlé varð á útgáfunni (Gunnar M. Magnúss, 1939, bls. 305; Kennarafjelagið títugt, 1909, bls. 30).

Í þessu útgáfulíi *Skólablaðsins* greip Hallgrímur Jónsson, kennari og rithöfundur, tækifærið og gaf út *Vörð* sem átti að tengja saman alþýðukennara á landinu (Hallgrímur Jónsson, 1917, bls. 1). Hann hlaut sömu örlög og forverarnir og útgáfunni var hætt sökum féleysis eftir að einungis einn árgangur hafði komið út. Árið 1919 kom *Skólablaðið* út að nýju en þá í umsjá Helga Hjörvar, kennara og rithöfundar, sem gaf út tvo árganga. Þeir Ásgeir Ásgeirsson, síðar forseti Íslands, og Steingrímur Arason, kennari og rithöfundur, bættust við í ritstjórnina árið 1921 og kom blaðið út í umsjón þeirra þremmenninga fram undir mitt ár 1922 (Gunnar M. Magnúss, 1939, bls. 305). Í síðasta tölublaðinu er þess getið að ritið hafi ekki komið út fyrir á árinu sökum pappírsleysis og fjárskorts (Ásgeir Ásgeirsson, Helgi Hjörvar og Steingrímur Arason, 1922, bls. 12). Að tveimur árum liðnum, 1924, tók Ásgeir sig aftur til og stofnaði ritið *Menntamál* til að „kynna íslenskum kennurum nýjustu hreyfingar í skólumálum og vekja þá til umhugsunar um sitt starf og umbótavæðleitni“ (Ásgeir Ásgeirsson, 1926, bls. 1). *Menntamál* falla utan tímaafmörkunar þessarar greinar.

## Hugmyndir og kröfur um grenndaraðferð í verki

Í þessum kafla er greint frá hugmyndum íslenskra skólamanna um grenndaraðferð og notkun hennar á því tímabili sem rannsóknin tekur til. Fyrst er fjallað um tímabilið til 1903, ársins þegar *Lýðmenntun* kom út. Næst er fjallað um þann hluta *Lýðmenntunar* sem telja má til námskrár en síðasti hlutinn tekur til árána frá setningu fræðslulaganna 1907 og fram yfir 1920.

## Síðustu ár nítjándu aldar og fram til 1903

Undir lok 19. aldar komst nokkur skriður á fræðslumálin hér á landi þegar sett voru lög um uppfræðing barna í skrift og reikningi. Lögin tóku gildi árið 1880. Lagasetningin markar ákveðin skil þar sem í kjölfar hennar voru stofnaðir allnokkrir barnaskólar fyrir alþýðu enda voru heimili misvel í stakk búin til að veita börnum hina lögbundnu fræðslu (Loftur Guttormsson, 2008b, bls. 58–59; 2008c, bls. 45–48).

Árið 1888 kom út ritgerð eftir Boga Th. Melsteð, sagnfræðinema í Kaupmannahöfn, sem hann ritaði tveimur árum áður og hafði ætlað að birta í *Andvara*. Þar segir hann að skólarnir standi í þeirri gömlu trú „að hið fjarlæga sé miklu merkara en hið nálæga og skylda“ (1888, bls. 33). Bogi segir hins vegar að fara eigi að kröfum kennslufræðinnar „með því að reyna sem mest að byrja á hinu kunna og fara frá því til hins ókunna, frá hinu verulega eða hlutkennda (*konkret*) til hins hugsaða eða óhlutkennda (*abstrakt*), frá hinu einfalda til hins samsetta eða margbrotna, frá hinu léttu til hins þunga“ (bls. 40). Hugmyndir sínar greip Bogi ekki úr lausu lofti því hann vísar í grein eftir Boysen sem birtist í *Vor Ungdom* 1883. Þótt aðferðin sem Bogi lýsir sé ekki endilega af meiði grenndarkennslu er ljóst að íslenskir skólamenn þessa tíma voru teknir að skoða mismunandi kennsluaðferðir. Til marks um það má taka langa grein eftir Ögmund Sigurðsson í *Tímariti um uppeldi og menntamál* 1889.

Ögmundur gagnrýnir bæði þulunám sem fram fer í skólum landsins og kennslubækur sem stuðst er við í landafræði. Hann telur þær byrja á öfugum enda þar sem örðugustu viðfangsefni, svo sem lögun og afstaða hnattarins, koma fyrst fyrir. Fremur eigi „að byrja á þeim hlutum, sem í kringum þau eru í daglegu lífi, þeim hlutum, sem börnin þekkja af eigin reynslu; þekkingin um þá verður að vera undirstöðuatriði landafræðinnar“ (1889, bls. 38). Svo námið beri sem ríkulegastan ávöxt þarf kennarinn, að mati Ögmundar, að setja sig í spor barnanna og horfa á umhverfið frá þeirra sjónarhorni. Nýta þarf öll tækifæri sem bjóðast til að fá börnin til að gefa gaum að umhverfinu og fjölmörgu sem í því leynist og best er að gera það á þann hátt að umfjöllunin og fræðslan virðist tilviljun ein. Þannig nám er mun líflegra og skemmtilegra en þulunám upp úr bókum og betur til þess fallið að kveikja áhuga nemenda á hinum ýmsu fyrirbærum (bls. 38–41).

Ögmundur bendir á gagnsemi uppdráttar af umhverfi skólans sem kennslugagna og þess að láta nemendur sjálfa mæla út stærðir og fjarlægðir og teikna slíka uppdrætti (bls. 43–49). Hann nefnir kosti útikennslu (notar orðið *skólagöngur*) þar sem nemendur komast í tæri við náttúruna sjálfa, sjá með eigin augum og upplifa. Á göngu um nágrennið geta börnin orðið áskynja um margt er fer framhjá flestum sem ekki er kennt að horfa eftir öllu því merkilega sem umlykur fólk dag hvern. Vettvangsferðir efla skilning nemenda á nærtækum viðfangsefnum og auka bæði ást þeirra og virðingu fyrir umhverfinu (bls. 61–64). Á svipaðan hátt lýsir Ögmundur hvernig kenna eigi um plöntur og dýr og þar gildi einnig að „ganga frá hinu þekktu til hins óþekktu“ (bls. 80).

Kennslu um stjórnskipan, atvinnuvegi, viðskipti, samgöngur og menningu vill Ögmundur einnig sjá með breyttum hætti. Hann telur kennslubækur byrja á röngum enda og erfitt sé fyrir nemendur að botna í öllum þeim hugtökum sem koma fyrir hafi þeir ekkert til viðmiðunar. Að hans mati eiga heimaslóðir nemenda að vera miðpunkturinn sem önnur kennsla miðast út frá (bls. 83–104) og ekki fyrr en „börnin hafa fengið fræðslu um hið einfalda líf og störf þess héraðs, sem þau þekkja, ætti að byrja að kenna þeim það sem fjær liggur“ (bls. 88).

Í nýlegri bók sinni um útikennslu skilgreina þær Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir hugtökin *útikennslu* og *útinám* (2014, bls. 15). Kjarninn í fyrra hugtakinu, segja þær, „vísar til náms og kennslu sem á sér stað utan veggja skólans. Kennarinn skipuleggur og



„Átthagarnir eru hverjum manni miðstöð heimsins“: Hugmyndir íslenskra skólamanna á síðasta hluta nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu um grenndaraðferð í skólasterfi

framkvæmir útikennslu í þeim tilgangi að nemandinn læri ákveðin atriði sem eru höfð í huga við skipulagningu kennslunnar.“ Síðan geti það allt eins gerst að nemandinn læri eitthvað allt annað en lagt var upp með. Um útinám segja þær stöllur að það feli í sér nám „utan veggja skólans, hvort sem er úti eða innan annarra veggja en skólans, til dæmis á söfnum. ... Námið getur verið skipulagt fyrirfram, en það er ekki alltaf þannig,“ meðal annars vegna þess að óvæntar uppgötvanir eiga sér stað. Ekki verður annað séð en þessar skilgreiningar falli þrýðilega að fyrrnefndum hugmyndum Ögmundar Sigurðssonar um „skólagöngur“ árið 1889.

Jóhannes Sigfússon segir í *Tímariti Hins íslenska bókmenntafélags* árið 1889 frá því að Bandaríkjamenn aðhyllist kennsluaðferðir sem fela í sér að skoða hlutina og því hefjist landafræðikennsla á því að kenna um heimahagana. Landafræði sé ekki skyldufag fyrstu árin en góðir skólar samþætti kennslu í faginu öðrum námsgreinum hjá yngstu nemendum. Kennslan hefst á því að kenna áttirnar, því næst er umfjöllunarefnið skólinn, sveitarfélagið og næsta nágrenni. Fjallað er um landshætti, plöntu- og dýrafræði og hugtök eru útskýrð jafnharðan og þau koma fyrir með nærtækum dæmum. Þannig „byrja [þeir] á því, sem börnunum er kunnugt, á nágrenninu, og fylgja þannig þeirri setning, að byrja skuli alla kennslu á því, sem nálægt er, kunnugt og auðvelt“ (bls. 41). Þessu, segir Jóhannes, er öfugt háttað í Frakklandi þar sem landafræðikennsla hefst á að kenna um jörðina í heild í stað þess að byrja á að kenna um það sem næst er (bls. 40–41).

Í sögukennslu er stuðst við svipað fyrirkomulag þar sem áherslan er fyrst og fremst á að kenna sögu og stjórnskipan þess ríkis sem skólinn er í áður en kennsla hefst um sömu þætti í stærra samhengi. Við kennslu í náttúrufræði er lögð áhersla á að nemandur nýti sjónina til að skoða hlutina sjálfa (Jóhannes Sigfússon, 1889, bls. 42–48).

Lítið er um grenndartengt efni í tímaritum sem gefin voru út á síðasta áratug nítjándu aldar. Hjálmar Sigurðarson kennari segir þó í *Tímariti um uppeldi og menntamál* (1890, bls. 80) að fáir tali fyrir mikilvægi kennslugreina náttúrufræði, sögu og landafræði og gagnrýnir hversu lítið börn vita um eigið land þegar þau ljúka skólagöngu sinni.

Í *Kennarablaðinu* 1899 birtist gagnrýni á mikinn mun heimafræðslu og skólafræðslu. Nefnt er mikilvægi þess að kenna börnum fyrst um það sem fyrir augu ber og byggja upp skilning á daglegu umhverfi áður en farið er að kenna það sem fjær liggur. Því er haldið fram að oftast er ekki hefjist kennslan á öfugum enda svo börnin eigi í mestu örðugleikum með að skilja það sem til umfjöllunar er. Þetta valdi því að þau fái leið á náminu (Undirstaðan: I, 1899, bls. 19–21). Bent er á að erlendis tíðkist að nýta náttúruna í stað kennslubóka við upphaf skólagöngu barna og með því að hafa hlutinn sjálfan fyrir augum læri börnin að veita eftirtekt, kanna og skýra frá. Þess konar nám geti hvort heldur farið fram innan veggja skólastofunnar eða úti á vettvangi (Undirstaðan: II, 1899, bls. 34–35).

Vissar áherslubreytingar má greina um aldamótin 1900. Minna er ritað um grenndaraðferð en ættjarðarást skipar þess í stað stóran sess í huga höfundu um skólamál. Þannig fjallar B. B. um skólamál og ættjörðina í *Fjallkonunni* (1900a, bls. 2–3) og telur þjóðlega kennslu skorta á Íslandi miðað við það sem gerist í Finnlandi og Noregi. Sami höfundur hnykkir á skömmu síðar og segir að innræting ættjarðarástar fyrirfinnist nánast ekki í íslenskum skólum (B. B., 1900b, bls. 1). Sama ár birtist fyrirlestur dansks kennara í *Kennarablaðinu* þar sem hann segir brýnt að börn læri um heimahagana í tengslum við sögulega viðburði, hvort sem um er að ræða skráða atburði eða munnmælasögur. Með því megi glæða tilfinningar hjá börnum en fólkskvalaus ættjarðarást verndi þjóðina frá glötun (Olsen, 1900, bls. 161–165).

Áhyggjur af stöðu barnakennslu koma vel fram hjá Einari H. Kvaran, ritstjóra og rithöfund, í *Tímariti Hins íslenska bókmenntafélags* árið 1901 þar sem hann tekur undir orð ónefnds

prests um að barnafræðslu í landinu sé ábótavant og fólk skorti almenna grunnþekkingu. Hann segir almenning ekki þekkja til stjórnmála, sögu og landafræði eigin lands og geti þess vegna ekki dregið ályktanir um það sem fjær er. Hann og presturinn telja báðir gæfulegra að kenna meira um nærumhverfið svo hægt sé að byggja frekari þekkingu á því (bls. 45).

Þegar innihald textanna sem hér hefur verið vitnað til er dregið saman er augljóst að sjónarmið þjóðerniskenndar með sterkar rætur í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga leita á þessum árum með skýrum hætti inn í námsefni og skóla og sú tilhneiging átti aðeins eftir að aukast.

## Lýðmenntun

*Lýðmenntun* Guðmundar Finnbogasonar hefur réttilega verið nefnd „gunnfáni íslenskrar almenningsmenntunar“ (Ólafur H. Jóhannsson, 1994, bls. 18). Í henni er sett fram fyrsta „námskrá“ einstakra kennslugreina eins og höfundur hennar sá þær fyrir sér og jafnframt hugleiðingar um hvernig rétt sé að kenna hverja og eina þeirra.

Í kafla um móðurmálskenndu leggur Guðmundur áherslu á það sem þjóðlegt er og börnin hafa skilning á. Lestrarbækur telur hann að eigi að innihalda texta sem lýsa náttúru landsins og lífnaðarháttum landsmanna en nemendur eigi að þekkja þessa þætti að einhverju leyti af eigin raun. Íslensk ævintýri, sögur og kvæði eiga einnig að fá sinn sess í lestrarbókum barna. Texti sem þau geta samsamað sig við stuðlar að áhuga þeirra á efninu sem verður til þess að þau efla lestrarfærni sína. Guðmundur leggur jafnframt áherslu á að börn skrifi stíla um efni sem þeim er kunnugt því ella megi allt eins fá þeim það verk efni að „flétta reipi úr sandi“ (1994, bls. 73–75).

Ættjarðarsaga vill Guðmundur að sé höfð í öndvegi enda varla rúm fyrir viðameiri sögukenndu í barnaskólum. Slík saga geti ekki einungis glætt ættjarðarástina heldur hjálpað börnum að bera skyn á einkenni þjóðarinnar og samtímans. Guðmundur orðar það svo:

Nútímann verðum vér að þekkja, því kröfur hans eru til vor talaðar. Það virðist þá liggja næst að fræða æskulýðinn fyrst um nútíðarástand þjóðarinnar, um stjórn hennar, stofnanir og atvinnuvegi, því það er þó eðlilegast að þekkja fyrst hlutinn sjálfan, áður en farið er að leita skýringar á uppruna hans. (1994, bls. 81).

Um landafræðikennslu vitnar Guðmundur í áðurtilvitnaða grein Ögmundar Sigurðssonar og telur hann hafa skilað efninu vel og ítarlega frá sér. Ekki er að undra að samhljómur sé með orðum þeirra því báðir telja að brýnast sé að öðlast fyrst skilning á eigin landi og þjóð áður en sjóndeildarhringurinn er færður utar. Kennsluna skal hefja á nærsamfélaginu þar eð „Það sem sagt er frá öðrum löndum og þjóðum verður því aðeins skiljanlegt að nemendur þekki af sjón og raun eitthvað sem hægt er að miða við“ (1994, bls. 83). Á það allt í senn við menningu, lífnaðarhætti, atvinnuhætti, landslag, gróðurfar, dýralíf og mannvirki.

Þrátt fyrir áherslu á grenndina vill Guðmundur ekki láta þar við sitja heldur nýta þann skilning sem nemendur hafa á eigin áttögum og byggja ofan á hann. „Ekkert er eins fjandsamlegt allri manndáð og framförum og það að hafa ekki hugmynd um neitt annað en þúfuna sem maður situr á, og siðina sem þar tíðkast“ (1994, bls. 85).

Líkt og í fyrrnefndum námsgreinum vill Guðmundur að hlutirnir sjálfir og daglegt umhverfi sé meginuppistaðan í náttúrufræðikennslu.

Oss liggur nær að þekkja túngrösin en pálmaskógana, nær að þekkja húsdýr vor og fuglana sem flögna kringum bæinn en dýr og fugla sem aðeins hafast við

„Átthagarnir eru hverjum manni miðstöð heimsins“: Hugmyndir íslenskra skólamanna á síðasta hluta níttjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu um grenndaraðferð í skólalastarfi

í öðrum álfum, oss liggur nær að athuga fjallið fyrir ofan bæinn en að heyra og lesa um Himalaya, og sá sem ekki getur séð eða haft yndi af því sem næst honum er, sér varla sér til gagns það sem fjærst er. (1994, bls. 89).

Reikningskennslu telur Guðmundur þarfnast umbóta þar sem hún snúist aðallega um að láta nemendur reikna uppsett dæmi sem skortir allt samhengi við það hvernig stærðfræði kemur fyrir í daglegu lífi. Frekar eigi að nýta áþreifanlega hluti til að byrja með og kenna börnum aðferðir þannig að þau skilji hvað í þeim felst. Ákjósanlegast er að dæmin tengist lífi barnanna því með því móti er líklegast að áhugi þeirra vakni. Síðan má fikra sig að því að reikna út frá fyrirbærum sem börnin þekkja vel en hafa ekki við höndina og um síðir vinna með tölurnar sjálfar og alls óháðar (1994, bls. 91–94).

Kristindómsfræðslu gagnrýnir Guðmundur fyrir það að námsbækurnar séu byggðar á þulunámi og telur að það sé röng nálgun miðað við hvernig börn þroskast. „Börn skilja ekki til hlítar annað en það sem þau geta séð og þreifað á eða hugsað sér í líkingu við það, sem sýnilegt er og áþreifanlegt. Og allt sem er þannig lagað, að ímyndunarafi þeirra getur ekki sett þeim það lifandi fyrir hugarsjónir, leiðist þeim fljótt“ (1994, bls. 119). Hann fjallar einnig um að börn hafi ekki forsendur til þess að draga ályktanir út frá því sem þeim er ekki sýnilegt eða þau geta ekki handfjatlað.

Guðmundur telur kristindómsfræðslu mikilvægt fag en álítur jafnframt að kennslufyrirkomulagið gangi ekki upp þar sem ekki sé tekið mið af uppeldisfræðilegum sjónarmiðum heldur læri börnin um óhlutstæðar kenningar kirkjunnar. Því til rökstuðnings vísar hann í Jesú Krist sem er samkvæmt orðum Guðmundar „æðsta fyrirmynd allra kennara“ (1994, bls. 123). Hann segir að Kristur hafi ávallt orðað kenningar sínar á þann veg að fólk úr öllum stéttum hafi getað tengt orð hans við þá vitneskju og skilning sem það hafði fyrir sem sé grunnfrenda þess að öðlast skilning á nýjum hugmyndum. Ef þetta er rétt ályktun er hugmyndin um að nýta það sem fólk þekkir og skilur til að byggja nýja þekkingu ofan á fjarska gömul.

Um fjöllun um aðrar námsgreinar í *Lýðmenntun* tengist lítt grenndaraðferðinni. Um handavinnu skrifar Guðmundur þó að byrja skuli á því sem auðskilið er og með söng þjóðlaga telur hann að megi tendra ættjarðarást meðal barna. Ábendingar hans um teikningu og íþróttir gefa hvorki sérstaklega til kynna kennsluaðferðir í anda grenndaraðferðar né heldur um aðrar eða öndverðar (1994, bls. 95–114).

Fullyrða má að áherslur Guðmundar Finnbogasonar í *Lýðmenntun* hafi fallið vel að ríkjandi viðhorfum meðal þjóðernissinnaðra Íslendinga á sínum tíma um leið og skýr og auðskilin framsetning hans var líkleg til þess hafa áhrif um langa framtíð.

## Frá árinu 1907

Setning fræðslulaganna 1907 og stofnun Kennaraskóla Íslands árið eftir marka glögg kaflaskil í íslenskri menntunarsögu. Með lögnum var gerð aukin krafa um menntun og þekkingu barna og samkvæmt þeim áttu fjórtán ára börn að kunna tiltekna þætti í sögu, náttúrufræði, landafræði, lestri, skrift, stærðfræði og kristinfræði. Í kjölfarið jókst opinber umræða um skóla- og menntamál, þar á meðal um inntak námsgreina og kennsluaðferðir.

Þjóðernissinnaður blær litar grein Boga Th. Melsteð, „Um æskuárin og íslenska lýðháskóla,“ sem birtist í *Andvara* 1907. Í henni talar Bogi fyrir ættjarðarást og segir brýnt að koma á laggirnar þjóðlegum lýðháskóla þar sem íslensk saga og tungumál séu í fyrirrúmi. Ári síðar segir ónefndur höfundur landsmenn leggja of litla áherslu á að kenna börnum sögu landsins og vitnar í skýrslu Guðmundar Finnbogasonar um fræðslu barna og unglinga 1903–1904 því til stuðnings. Ástæðuna telur hann hafa verið skort á kennslubókum

við hæfi en úr því hafi verið bætt með nýrri Íslandssögubók eftir Boga (Íslands saga, 1908, bls. 46).

Önnur kennslubók, *Ágrip af náttúrufræði handa barnaskólum*, kom út um svipað leyti (1909) og segir Bjarni Sæmundsson, kennari og náttúrufræðingur, í formála að sérhver kennari þurfi að velja úr þætti sem tengjast umhverfi nemenda því börn eigi aðallega að læra um það sem er þeim nálægt. Jónas Jónsson frá Hriflu, kennari og síðar menntamálaráðherra, fjallar einnig um náttúrufræði og segir að erfitt sé að kenna hana í kvöldskóla þar sem ekki sé hægt að koma því við að skoða náttúruna sjálfa sem sé forsenda góðrar náttúrufræðikennslu (Jónas Jónsson, 1909, bls. 77).

Náttúran er í forgrunni hjá fleirum og Guðjón Baldvinsson frá Böggvisstöðum, síðar kennari á Ísafirði, ræðir í *Skólablaðinu* um að ekki sé hægt að læra að elska náttúruna fyrr en maður hefur kynnst henni frá fyrstu hendi.

Þekkingin á náttúrunni og mannum verður að koma í *einni heild* og *réttri röð* inn í huga barnsins. Það verður að byrja á hinu fábrotna og enda á hinu margbrotna, byrja á hinu ólífræna og fíkra sig þaðan áfram til hins lífræna, byrja á hinu nálæga og enda á hinu fjarlægga. (1909, bls. 74)

Guðjón setur í greininni fram skilning sinn á skoðunum dr. Haufe, höfundar þýsku bókarinnar *Gleðiboðskapurinn um eðlilegt uppeldi* (þ. *Das Evangelium der natürlichen Erziehung*). Viðhorf og túlkun Guðjóns eru í anda grenndaraðferðarinnar þótt hann haldi því skilmerkilega til haga að Haufe setji aðferðina fram til að „leiða barnið gegnum náttúruna inn til guðs“ (1909, bls. 74).

*Skólablaðið* var virkur umræðuvettvangur þessi árin og í því birtist meðal annars stutt grein um útiskóla fyrir „veikfelld“ börn í Þýskalandi (Skólalald undir beru lofti úti í skógi, 1910, bls. 124–125). Þar segir að þekkt sé að kennarar fari með nemendur á svæði þar sem útsýni er gott og heimabyggðin er nýtt til að útskýra fyrir börnunum margvísleg landfræðileg fyrirbæri. Þess háttar útinám er sagt ómissandi svo börn séu fær um að skilja hluti sem án slíkrar kennslu eru þeim torskildir. Á Íslandi sé landafræði sums staðar eingöngu kennd með bókum en slík kennsla sé gagnslaus. Loks er bent á að hver einasti kennari eigi að geta nýtt umhverfið til að kenna nemendum um landfræðileg hugtök og að landfræðileg kennileiti sveitarinnar verði góð til viðmiðunar þegar kennt er um það sem augað nær ekki til. Steingrímur Arason, þá kennari við Barnaskóla Reykjavíkur, tekur í svipaðan streng og bendir á að heimilisfólk eigi að vera duglegt við að kenna börnum um það sem í kringum þau er, nýta þau tækifæri sem bjóðast þegar börn spyrja og fræða þau um það sem ber á góma (1910, bls. 119).

Útikennsla er einnig viðfangsefni stuttrar greinar Guðmundar Hjaltasonar, kennara og rithöfundar, (1911, bls. 87–88) þar sem hann gefur nokkur dæmi úr eigin reynslubanka. Hann segir útikennslu hafa jákvæð áhrif á börn sem annars er erfitt að fá til að læra og telur hana holla og góða aðferð. Jónas frá Hriflu (1911, bls. 182) lýsir einnig útikennslu, „rannsóknarferðum“, í *Skólablaðinu* er hann segir frá því að enskir kennarar fari með nemendur í leiðangra um nágrennið til að skoða og læra. Útikennsla og útinám eru í reynd eitt afbrigði grenndarkennslu og nýtur aðferðin drjúgrar hylli nú, góðri öld síðar (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014, bls. 14–18).

Jónas frá Hriflu gerir erlenda skóla að umfjöllunarefni í fleiri tölublöðum *Skólablaðsins* og verður búsna tvísaga um heppilegar aðferðir. Þannig segir hann um landafræði að ung börn séu ekki móttækileg fyrir mörgu sem reynt er að fræða þau um en þeim mun tilbúnari til að heyra ævintýri frá fjarlægum stöðum. Því sé rétt að þrískipta landafræðikennslu. Yngstu börnin læri sögulega landafræði um ævintýri og óþarft sé að leggja meiri áherslu á

„Átthagarnir eru hverjum manni miðstöð heimsins“: Hugmyndir íslenskra skólamanna á síðasta hluta níttjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu um grenndaraðferð í skólastarfi

heimalandið en önnur lönd. Þegar þroskinn verði meiri séu þeim fengin kort og kennt um jarðmyndun, dýralíf, gróður og fleira. Að lokum læra börnin um þjóðir, stjórnarhætti og lífnaðarhætti mannsins (1912a, bls. 99–100). Þessi orð Jónasar ganga á vissan hátt gegn hugmyndum grenndaraðferðar þar sem hann leggur ekki sérstaka áherslu á að kenna um það sem næst liggur.

Í skrifum Jónasar um náttúrufræðikennslu kveður við annan tón því þar útskýrir hann hvernig kennarar erlendis nýta náttúruna í sívaxandi mæli til að gefa nemendum tækifæri til að rannsaka frá fyrstu hendi það sem fyrir augu ber. Hann tekur fram að Ísland sé aftarlega á merinni í þessu efni því hér sé látið nægja að lesa um náttúruna í stað þess að fara út (1912b, bls. 115–116).

Í grein um stærðfræði segir Jónas að einn helsti skólamaður Hollands noti ávallt það sem börnin þekkja og nemendur reikni dæmi með því að mæla eitthvað í skólstofunni eða í nánasta umhverfi. Þá aðferð telur Jónas mun betur fallna til þess að kenna og skilja stærðfræði en það sífella stagl og utanbókarlærdóm á reglum og aðferðum sem tíðkist hér á landi (1912c, bls. 116–118). Í teikningu vill hann feta sams konar leið og láta börn teikna náttúruleg fyrirbæri (1912d, bls. 131–132).

Meðan Jónas frá Hriflu var ritstjóri *Skinfaxa* skrifaði hann greinaflokk sem hann kallaði „Nýju skólana ensku“. Umfjöllunarefni þeirra er kennslufyrirkomulag sem Jónas segir frá-brugðið því pulu- og þjálfunarnámi er einkenni allt skólastarf á meginlandinu. Í þessum nýju skólum er náttúrufræði eitt meginviðfangsefnið, skólarnir eru í dreifbýli og farið er í vettvangsferðir til að læra af hlutunum sjálfum. Áhugi á stærðfræði er glæddur á sama hátt (1913a, bls. 15–16; 1913d, bls. 36). Jónas segir þó að þetta sé ekki nóg og nauðsynlegt sé að læra erlend tungumál (1913b, bls. 23). Til þess megi nýta skólstofuna og grenndina og læra erlend mál með því að nefna þá hluti sem fyrir augu ber (1913c, bls. 30).

Í næsta árgangi (1914) af *Skinfaxa* fjallar S. J. um ættjarðarást og hvernig það sé ungmennafélaga að tendra hana. Bent er á að auka þurfi vitneskju um sögu ættjarðarinnar en mikilvægast sé að fólk þekki heimalandið og hvernig málum er háttað í nútímanum. Öllu skiptir að hver þekki sjálfan sig og þá sem næst honum standa. Ættjarðarást á rætur að rekja til áttahaástar og því eiga allir að læra að meta eigið nærumhverfi (1914, bls. 87–88).

Sigurjón Jónsson, kennari og rithöfundur,<sup>3</sup> vill nota sumrin til þess að kenna börnum grasafræði og fleiri námsgreinar og að náttúran sé virkjuð til að vekja áhuga nemenda. Að hans mati er stór hluti Íslendinga „fjarsýnn“, menn sjái aðeins það sem er í fjarska en þekki lítið til eigin ranns. Það finnst honum slæmt, fáfróðum sé örðugt að taka framförunum því þeir viti ekki hvað þarfnast úrbóta (1913, bls. 59–61). Í svipaðan streng tekur ónefndur erlendur höfundur í *Skólablaðinu*. Hann lýsir „fjarsýnum“ kennara sem hafi gert sveitinni hið mesta ógagn með því að innræta nemendum að grasið sé grænna hinum megin, í ys og þys stórborganna. Nemendur þyrpist brott að skóla loknum því kennarinn komi „ekki auga á heimahagana“ (Áhrif kennarans, 1916, bls. 13). Þótt þessar tvær greinar fjalli ekki beinlínis um grenndarkennslu er boðskapur þeirra skýr og féll í frjóan jarðveg. Um þá mold hefur meðal annars annar höfundur þessarar greinar ritað (Bragi Guðmundsson, 2010).

<sup>3</sup> Fleiri en einn Sigurjón kemur til álita sem höfundur þessa texta en við samanburð á æviferlum í *Kennaratali* er Sigurjón Jónsson, f. 1888 og d. 1980, líklegastur. Hann lauk kennaranámi 1909, kenndi síðan í áratug og átti eftir að senda frá sér fjölmörg ritverk, meðal annars um náttúru landsins.

Nokkuð var skrifað um kennslubækur á þessum tíma og í umfjöllun um náttúrufræðibækur segir Friðrik Hjartarson, kennari frá Mýrum í Dýrafirði, að kennslu í dýrafræði eigi helst að byggja á dýrum sem finnast hérlendis því það auðveldi börnum námið (1916, bls. 154).

Í *Skólablaðinu* birtist skólaslitaræða Magnúsar Helgasonar árið 1919 þar sem hann segir meðal annars um hlutverk skóla: „ætlast ég til að skólinn vekir eftirtekt þeirra á því, sem er í kringum þau, kenni þeim að gefa gaum íslenskri náttúru, þeim undrum og dásæmdum, sem heimahagarnir, sveitin þeirra hefir að geyma“ (Kennaraskólanum slitið, 1919, bls. 72).

Það sama ár birtist í *Andvara* mikil og um margt róttæk grein eftir Steingrím Arason sem þá var enn við nám í Bandaríkjunum, „Stjórnarbylting á skólasviðinu.“ Þar ræðir Steingrímur meðal annars námskrágerð, útskýrir hversu nauðsynlegt er að taka mið af áhuga barna þegar námskrá er samin og leggur áherslu á breytingar sem eiga sér stað í kennsluaðferðum erlendis. Óáhugaverðu pulu- og þjálfunarnámi er ýtt út af borðinu og börnum fengin viðfangsefni úr umhverfinu að glíma við. Steingrímur skilgreinir viðfangsefni námskrárinnar nákvæmlega:

Annað megingrundvallaratriði námskrárinnar er umhverfi barnsins, félagslífið, sem það lifir í. Kennararnir og námstjórinn í samvinnu verða að verja miklu námi til að kynna sér: a) heimilin, fólkið og hætti þess, b) náttúru umhverfisins, jurta- og dýralíf, fjöll, dali, sléttur, fossa, vötn og ár, d) vinnubrögð, atvinnuvegi, viðskipti, sölubúðir, banka, pósthús, verksmiðjur, samgöngur, samgöngufæri, e) listir, söfn, leikhús, kvikmyndahús, f) íþróttir, skemmtanir, g) bókmenntir allar, h) stjórn, löggjöf, löggæslu, i) hugsunarhátt, trúarlíf, þekkingu, siðferði, j) framkvæmdir til lýðheilla, framtíðarhorfur, j) sögu umhverfisins, að svo miklu leyti, sem hún kastar ljósi á nútíð þess og framtíð. Yfir höfuð allt líf umhverfisins á öllum sviðum þarf ýtarlegrar rannsóknar, því að námskráin þarf að endurspegla það allt. Með því eina móti getur starf skólans og starf umhverfisins runnið saman í eitt, að straumar liggja úr skólanum út í lífið og úr lífinu inn í skólann. (1919, bls. 11)

Steingrímur segir sannað að grenndarmiðað nám og gagnvirk tengsl skóla og umhverfis skili mun betri árangri en eldri aðferðir og veiti börnum yfirgrípsmeiri þekkingu en ella (1919, bls. 7–12).

Greinaröðin „Um alþýðufræðslu í Svíþjóð“ eftir Helga Hjörvar, kennara og rithöfund, birtist í *Skólablaðinu* 1920. Þar gerir Helgi fyrirkomulag barnafræðslu og kennaramenntunar að umfjöllunarefni og telur Svía standa öðrum framar á því sviði (1920a, bls. 7). Hann greinir stuttlega frá tilhögun hverrar námsgreinar og í umfjöllun um þrjár þeirra, landafræði, náttúrufræði, og áttthagafræði, kemur skýrt fram að grenndin var á þessum tíma nýtt í ríkum mæli við kennslu í sænskum barnaskólum.

Í stuttu máli má segja að kennsla í landafræði og náttúrufræði hjá yngstu nemendum hafi farið fram í beinum tengslum við áttthagafræðikennslu og umhverfi skólanna notað. Áttthagafræði, segir Helgi, er í raun kennsluaðferð frekar en námsgrein. „Áttthagafræði er í innsta eðli sínu það, að kennarinn leiðir athygli barnanna að því sem fyrir augun ber eða þau vita vel og þekkja af reynslu. Börnunum er kennt um umhverfi þeirra og það sem þau þekkja úr daglegu lífi“ (1920d, bls. 144). Hann nefnir dæmi um hvernig fara má með börn í vettvangsferðir og vinna með valin viðfangsefni þegar í skólann er komið (1920b, bls. 36; 1920c, bls. 76–77; 1920d, bls. 144–145).

„Átthagarnir eru hverjum manni miðstöð heimsins“: Hugmyndir íslenskra skólamanna á síðasta hluta níttjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu um grenndaraðferð í skólasterfi

Steingrímur Arason (1920, bls. 138) segir í *Skólablaðinu* að sum börn í þéttbýli þekki hvorki áttirnar né fjöllin í kring en kannist við bæði Himalaya og Alpna. Tillaga hans er að börn á aldrinum sex til tíu ára gangi í sumarskóla svo nýta megi náttúruna til kennslu og opna augu þeirra fyrir því sem þar er að finna. Ári síðar segir Helgi Hjörvar í sama tímariti að hugmyndinni hafi verið ýtt úr vör undir forystu Steingríms og um 250 börnum í Reykjavík verið kennt sumarið 1921 með nánast daglegum vettvangsferðum (1921, bls. 83).

Umræðan þróaðist smám saman og fram kom tillaga frá Steingrími og séra Ólafi Ólafssyni frá Hjarðarholti um að sumarskóli verði starfræktur á kostnað bæjarins og börnin skyldug til að mæta. Þeir benda á að þörf sé á „[m]eiri útivist, kynning[u] við nágrennið, þekking[u] á þjóðlífi, framleiðslu, verslun“ þar sem „[s]kólavistin [er] slitin úr sambandi við lífið“ (Ásgeir Ásgeirsson, 1921a, bls. 59).

Steingrímur Arason hélt áfram að láta til sín taka og birti grein um vakningu í skólamállum sem áður hafði komið á þrykk í Vínarborg. Í henni segir Steingrímur frá þeirri nýjung að fella niður stundaskrá meðal yngstu skólabarnanna. Námsgreinar leggjast af í núverandi mynd og í þeirra stað taka við valin viðfangsefni úr nánasta umhverfi svo lengi sem at-  
hygli barnanna endist og hugur þeirra stendur til. Vettvangsferðir eru óhjákvæmilegur hluti námsins og til þess fallnar að gæða það lífi (Steingrímur Arason, 1921b, bls. 34–35).

Átthagafræði á hug Steingríms í samnefndri grein þar sem hann skorar á kennarastéttina að skrifa í sameiningu kennslubók um landafræði Íslands. Henni vill hann kaflaskipta eftir héruðum í stað þess að líkjast þeim bókum sem fyrir eru og einkennast af eintómri upp-  
talinngu náttúrufrýrbrigða (1921a, bls. 98–100). Verkið telur hann brýnt þar sem það hafi reynst kennurum vandasamt að kenna um það „sem liggur næst og er sjálfsagðast, sem sé umhverfi barnsins“. Orðaval hans er skýrt og meiningin vafningalaus.

Ekkert námsefni er jafnsjálfsagt og átthagafræðin. Átthagarnir eru hverjum manni miðstöð heimsins, og það sem hann lærir um aðra landshluta og lönd, lærir hann með tilliti til átthaganna og í samanburði við þá. Hér stendur líkt á og víða annars staðar, og allt þarf að byrja heima fyrir og sem allra næst barninu. Samúð og áhugi á lífi manna og háttum verður ekki byggt í lausu lofti, grund-  
völlinn þarf að leggja í umhverfi barnsins. Það þarf að læra að elska blettinn, sem það sér, fá áhuga á lífi þeirra, sem þar búa, og læra að virða og meta öll gagnleg störf og taka þátt í kjörum hvers einstaklings. Vanti æskumanninn þennan grundvöll, er hætt við, að samúð hans og mannást verði létt á metum, bæði með tilliti til þessa lands og annarra (1921, bls. 99).

Steingrímur Arason var áberandi í íslenskri menntamálaumræðu þessi ár og næstu áratugi. Þótt það kæmi ekki í hans hlut að skrifa kennslubók í átthagafræði lét hann ekki orðin ein og brýningar til annarra duga, heldur gaf hann út kennslubókina *Landfræði fyrir börn og unglinga* árið 1924. Í eftirmála hennar segir Steingrímur: „Undirstaða landfræðináms á hvorki að vera bók né kort, heldur eigin reynsla og skoðun. Það er hverjum manni gæfa, að augu hans séu snemma opnuð fyrir því, sem séð verður í bernskuumhverfinu, og hugur hans opnaður fyrir sambandi orsaka og afleiðinga daglegra viðburða“ (1924, án síðutals). Steingrímur Arason var um skeið einn helsti talsmaður grenndaraðferðar á Íslandi og við hæfi að hann ljúki þessum kafla.

## Rætur hugmynda um að nýta nánasta umhverfi til náms

Þær skoðanir sem hér hafa verið leiddar fram gefa nokkuð glögga mynd af viðhorfum höfunda þeirra. Hugmyndirnar voru lagaðar að íslenskum aðstæðum en uppruna eiga þær örugglega víðar og allmargar atrennur hafa verið gerðar að því að rekja þann upp-

runa sem augljóslega á rætur sínar erlendis. Án þess að þær rætur verði grandskoðaðar hver fyrir sig virðist nærtækast að staldra við fjórar þeirra.

Í fyrsta lagi höfðu rómantíkin, þjóðernisstefna og sjálfstæðisbarátta nítjándu aldar þau áhrif að áhugi Íslendinga á fyrirmyndum færðist að nokkru frá alþjóðlegum viðmiðum til þjóðlegra fyrirmynnda í hetjum miðalda og óblíðri en vekjandi náttúru landsins. Þessa sá ljósastan stað í ættjarðarkveðskap en ruddi sér einnig leið inn á fleiri svið þjóðlífsins. Um það má til dæmis lesa í athugasgreinum Lofts Guttormssonar frá árinu 1989 um upphaf sögukennslu í íslenskum barnaskólum og í sígildri grein Gunnars Karlssonar um markmið sögukennslu frá 1982. Þar segir Gunnar að óvíst sé að nokkuð hafi kveðið að námi í Íslandssögu fyrr en eftir 1880 þegar út kom Íslandssögubók séra Þorkels Bjarnasonar á Reynivöllum. Með henni urðu ákveðin hvörf sem meðal annars sést á því að veturinn 1903–1904 lærðu langflest þeirra barna sem á annað borð lásu eitthvað í sögu Íslandssögu (1982, bls. 177–178). Um efni og innihald þeirrar sögu segir Gunnar að hún hafi lagt áherslu á framtak og mikilvægi sterkra einstaklinga; hún hafi verið þjóðernissinnuð og undirstrikað mikilvægi og getu eigin þjóðar; hún hafi dregið skýr mörk á milli þess sem var rétt og þess sem var rangt. Lesandinn áttaði sig með öðrum orðum á því hvenær góðir einstaklingar af hans þjóðerni voru rangindum beittir af vondum útlendingum. Uppeldismarkmiðin voru klár og í þessum anda voru skrifaðar og kenndar bækur drjúglangt fram eftir síðustu öld (1982, bls. 181–191).

Í öðru lagi ber að nefna bein og óbein áhrif frá lýðskólastefnu Dana og síðar einnig Norðmanna og Svía. Um þau skrifaði Jón Torfi Jónasson árið 1999 (bls. 107–134) og skömmu síðar Ingi Sigurðsson (2004, bls. 59–94). Báðir rekja hvernig stór hópur Íslendinga fór til náms í Askov og öðrum norrænum lýðskólum á síðustu tveimur áratugum nítjándu aldar og fram um 1930. Áhrifastraumarnir til Íslands komu meðal annars fram í skólum Sigurðar Þórólfsssonar í Reykjavík 1902–1904, á Hvítárþakka frá 1905 og næst eftir það í skóla séra Sigtryggs Guðlaugssonar á Núpi í Dýrafirði sem stofnaður var 1907. Annar áhrifastraumur lá um búnaðarskólana á Hólum og Hvanneyri. Að sögn Inga komu áhrifin fram í bæði „námsefni og kennsluháttum. Má þar nefna áherzlu á móðurmál, söng og íþróttir. Kom hin þjóðernislega áherzla mjög skýrt fram í móðurmálskennslu við Hvanneyrarskóla“ (2004, bls. 67).

Í þriðja lagi er vert að benda á ungmennafélög sem frá upphafi voru náskyld lýðskólunum og náðu mikilli útbreiðslu í Noregi á seinni hluta nítjándu aldar. Þar stóðu þau í upphafi á grundtvigskum grunni (byggðu á hugmyndum og kenningum danska heimspekingsins, prestsins, kennarans og lýðskólamannsins N. F.S. Grundtvig) en lögðu trúarlegar áherslur fljótlega til hliðar og tóku í staðinn að einbeita sér að alþýðufræðslu og frjálslyndisstefnu í stjórn máli. Í Danmörku var þróunin ívið seinna á ferð en tengslin við lýðskólana svo sterk að sagt hefur verið að æðsta markmið félaganna hafi verið „at fungere som folkehøjskolernes forlængede arm“ (Ingi Sigurðsson, 2004, bls. 72 (vitnað til eftir Søren Ehlers)). Til Íslands barst þessi hreyfing um Noreg á fyrsta áratug tuttugustu aldar og varð fljótt firnasterk, einkum í sveitum (Ingi Sigurðsson, 2006, bls. 203–216). Viðfangsefnið beindist fljótt að þjóðræknis og alþýðufræðslu og fundu sér meðal annars farveg í skógrækt og handskrifuðum blöðum þar sem reyndi á þjálfun í framsetningu ritaðs máls og rökfærslu. Mikið var þar skrifað um málefni sem á viðkomandi sveit brunnu en einnig landinu í heild. Meðal þeirra sem voru kraftmiklir innan hreyfingarinnar voru menn eins og Ásgeir Ásgeirsson og Jónas Jónsson frá Hríflu sem auk norrænna áhrifa sótti sér meðal annars skýrar fyrirmyndir til Englands.

Fjórdi áhrifavaldurinn á áttaha- eða grenndaráherslu kom einnig erlendis frá. Sá þráður liggur um aðra menntahugsuði en norræna. Um bein áhrif þeirra er erfitt að fullyrða mikið fyrr en kemur fram á tuttugustu öld en vert er að benda á stutta grein Eggerts Lárussonar



„Átthagarnir eru hverjum manni miðstöð heimsins“: Hugmyndir íslenskra skólanna á síðasta hluta nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu um grenndaraðferð í skólastarfi

og Meyvants Þórólfssonar í *Netlu – Veftímariti um uppeldi og menntun* 2010 þar sem þeir fjalla um kennslufræði Ögmundar Sigurðssonar. Niðurstöður þeirra um áhrifavalda á Ögmund eru ekki afdráttarlausar en þeir leiða rök að því að námsdöl hans við kennaraskóla í Chicago 1891–1892 hafi haft nokkuð að segja. Þar hafi hin „uppeldislega framsækni-stefna“ átt sér sterk heimkynni og þeir tengja umræðuna við Francis W. Parker sem var „einn helsti frumkvöðull framsækinnna skólahátta í Bandaríkjunum á 19. öld.“ Parker hafði dvalið í Evrópu og sett sig inn í menntahugmyndir hugsuða á borð við Pestalozzi, Fröbel og Herbart og hann var frumkvöðull Quincy-hreyfingarinnar í Massachusetts sem hafði tvennt í forgrunni: „Barnið skyldi vera miðpunktur alls skólastarfs og námsgreinar skyldi samþætta svo að þær hefðu einhverja þýðingu fyrir barnið“ (Eggert Lárusson og Meyvant Þórólfsson, 2010, bls. 7). Þá áherslu er auðvelt að heimfæra upp á grenndaraðferðina.

Þeir Eggert og Meyvant nefna einnig John Dewey til sögunnar sem hugsanlegan áhrifa-vald á kennslufræði Ögmundar. Það kann að vera rétt en erfitt hefur reynt að sýna fram á beina tengingu milli hans og íslenskra skólanna fyrir og um 1900 þótt vissulega séu mörg líkindi með hugmyndum hans um merkingarbært nám og þeim ívitnunum sem hér hafa verið leiddar fram úr pennum íslenskra höfunda (sjá til dæmis Ólaf Pál Jónsson, 2010, bls. 38–40).

Um áhrifavalda á skoðanir Steingríms Arasonar skrifaði Kristín Indriðadóttir í *Uppeldi og menntun* 1995 og þar setur hún kennslu- og skólahugmyndir hans í greinilegt erlent samhengi. Hún segir frá námi hans við Teachers College við Columbia-háskólann þar sem John Dewey, Edward Lee Thorndike og fleiri þekktir menntamenn kenndu. Steingrímur kom heim að loknu prófi í uppeldis- og menntunarfræði árið 1920. Hann var þá þegar farinn að láta til sín taka og veitti nýstárlegum erlendum hugmyndum inn í íslenska kennslu- og skólamálaumræðu eins og þegar hefur komið fram.

## Samantekt

Hugmyndir um nýtingu nærumhverfis við nám og kennslu eru ævagamlar og byggja á þeirri hugsun að einfaldara og auðveldara sé að læra um það sem augað nemur eða hönd á festir heldur en hitt sem fjarlægðin dylur. Um það hvenær Íslendingar tóku að til-einka sér hugsun af þessu tagi við uppfærðslu barna er ómögulegt að fullröða en eftir að farið var að lögbinda tiltekna fræðslu og seinna skólagöngu var þess skammt að bíða að kennarar tækju að ræða aðferðina sín í milli.

Í þessari grein hefur aðallega verið staðnæmst við hugmyndir skólanna um grenndar-nám og grenndarkennslu eins og þær birtust á prenti í tímaritum frá því um 1880 og vel fram yfir fyrri heimsstyrjöld. Allmargir einstaklingar hafa verið kynntir til sögu sem flestir eiga það sammerkt að hafa gert kennslu að hluta- eða ævistarfi. Þeir mikilvirkustu eru löngu kunnir brautryðjendur, menn eins og Jón Þórarinnsson og Ögmundur Sigurðsson í Flensborg, Guðmundur Finnbogason, Jónas frá Hríflu, og Steingrímur Arason. Öllum þessum var hugleikið hvernig auðveldast og árangursríkast væri að ná til barna og ung-linga og öllum var þeim umhugað um að sem best tækist til.

Á fyrri hluta tímabilsins sem hér er fjallað um, 1880–1907, var íslenskt skólasamfélag á algeru frumstigi. Föstum skólum fjölgaði smám saman, einkum í kaupstöðum, en far-kennsla var ríkjandi fræðsluform í dreifðum byggðum. Skólaárið 1903–1904 naut minna en helmingur tíu til fjórtán ára barna skólagöngu af nokkru tagi (Guðmundur Finnboga-son, 1905, bls. 39) en frá og með árinu 1908 voru öll börn á þeim aldri skólaskyld. Af sjálfu leiðir að umræða um kennslumál var ekki söm fyrir og eftir setningu fræðslulaganna 1907 og þar ræður miklu merkt framlag Guðmundar Finnbogasonar í bókinni *Lýðmenntun* árið 1903 og áframhaldandi önnur þátttaka hans, meðal annars við samningu lagafrum-varps um skólaskyldu.

Ef greina á megineinkenni þeirrar umræðu sem fram fór fyrir og rétt upp úr aldamótum 1900 blasir við hörð gagnrýni á þær fáu námsbækur sem ætlaðar voru ungmennum. Gagnrýnendur þeirra nefna erfitt og stagkennt þulunám og að gjarnan sé byrjað á því sem fjærst er og með minnsta skírskotun til nærumhverfis barnsins. Hörðust er þessi gagnrýni hjá Ögmundi Sigurðssyni í grein hans um landafræðikennslu árið 1889 en Ögmundur lét ekki þar við sitja heldur benti á skýrar leiðir til úrbóta. Bæði hann og Jóhannes samkennari hans Sigfússon nýta sér erlendar greinar þetta ár til þess að styðja mál sitt um mikilvægi þess að hefja kennsluna á því sem nálægast er og fíkra sig síðan fjær. Guðmundur Finnbogason setti eftirminnilega fram svipaðar skoðanir í *Lýðmenntun* með skarpri umfjöllun um einstakar námsgreinar og aðferðafræði við kennslu þeirra. Raunar má segja að hann taki enn fastar til orða en þeir Flensborgarmenn gerðu eins og tilvitnuð dæmi eru glöggvitni um.

Um aldamótin var farið að tengja kennsluumræðuna við mikilvægi þess að rækta ættjarðarást samhliða uppfræðslu og þar lagði Guðmundur Finnbogason einnig þung lóð á metaskálarar. Auðskilin og beinskeytt framsetning hans féll vel að ríkjandi viðhorfum þjóðernissinnaðra landa hans og þar áttu margir fleiri eftir að leggjast á árar, til dæmis Bogi Th. Melsteð og Jónas Jónsson frá Hriflu.

Erlend áhrif urðu smám saman fyrirferðarmeiri í skrifum íslenskra höfunda um skólamál þegar kom fram á annan áratug tuttugustu aldar og þar fór Jónas frá Hriflu fyrir. Greinaflokkur hans í *Skinfaxa* um enska skóla var meðal annars byggður á vettvangsathugunum hans sjálfs og í greinunum gerði hann athyglisverða tilraun til þess að aðhæfa erlendar fyrirmyndir að íslenskum veruleika. Eitt af því sem þar kemur fram er áhersla á náttúrufræði og vettvangsferðir um næsta nágrenni. Í því efni fetaði Jónas í fótspor manna eins og Ögmundar Sigurðssonar, Guðmundar Finnbogasonar, Guðmundar Hjaltasonar og Sigurjóns Jónssonar sem allir lögðu mikla áherslu á útinám af ýmsu tagi. Í skrifum sumra þeirra kemur einnig fram áhersla á sumarnám.

Sá höfundur sem síðast er rætt um í þessari grein er Steingrímur Arason. Framlag hans til íslenskra mennta- og skólamála er margþætt en hvað varðar grenndarnám og grenndarkennslu munar mest um tvennt. Annars vegar leitaðist Steingrímur við að koma hugmyndum sínum í faglegan og fræðilegan búning með tímamótagrein í *Andvara* árið 1919 um námskrágerð og nauðsynleg áhersluatriði við samningu námskrár. Þar er grenndarmiðað nám í öndvegi. Í annan stað skilgreindi Steingrímur hugtakið *átthagafraði* og rökstuddi ítarlega gildi hennar sem námsgreinar og námsaðferðar. Þeirri áherslu fylgdi hann eftir með því að semja kennslubók um landafræði fyrir börn og unglinga þar sem hann ítrekaði enn þá fullvissu sína að „eigin reynsla og skoðun“ á vettvangi eigi að vera undirstaða námsgreinarinnar.

Hér verður staðar numið. Grenndaraðferðin við nám og kennslu var vel þekkt og til hennar rækilega hvatt í skrifum íslenskra skólamanna á mótunarárum almenningsfræðslu á Íslandi. Um það hvernig til tókst um framkvæmdina á vettvangi er minna vitað en er verðugt viðfangsefni annarrar rannsóknar.

## Heimildir

Áhrif kennarans. (1916). *Skólablaðið*, 10(1), 12–14 („lauslega þýtt úr erlendu blaði“).

Ásgeir Ásgeirsson. (1921a). Skólar: Barnaskóli Reykjavíkur. *Skólablaðið*, 13(5), 58–59.

Ásgeir Ásgeirsson. (1926). Nýju skólarnir. *Mentamál*, 3(1), 1–4.

Ásgeir Ásgeirsson, Helgi Hjörvar og Steingrímur Arason. (1922). Til lesenda blaðsins. *Skólablaðið*, 14(1), 12.

„Átthagarnir eru hverjum manni miðstöð heimsins“: Hugmyndir íslenskra skólanna á síðasta hluta nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu um grenndaraðferð í skólastarfi

B. B. (1900a). Ættjörðin og skólarnir: I. *Fjallkonan*, 17(6), 2–3.

B. B. (1900b). Ættjörðin og skólarnir: II. *Fjallkonan*, 17(7), 1.

Bjarni Sæmundsson. (1909). *Ágrip af náttúrufræði handa barnaskólum* (4. útgáfa). Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar.

Bogi Th. Melsteð. (1888). *Um menningarskóla eða um „lærða skólann“ í Reykjavík og samband hinna lægri skóla við hann*. Kaupmannahöfn: Gefið út af nokkrum Íslendingum.

Bogi Th. Melsteð. (1907). Um æskuárin og íslenskan lýðháskóla. *Andvari*, 32(1), 75–104.

Bragi Guðmundsson. (2000). Grenndarfræði. Í Bragi Guðmundsson (ritstjóri), *Líf í Eyjafirði* (bls. 17–58). Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Bragi Guðmundsson. (2005). Túngrös og pálmaskógar – Saga, landafræði og náttúrufræði. Í Trausti Þorsteinsson og Bragi Guðmundsson (ritstjórar), *Andans arfur* (bls. 101–117). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Bragi Guðmundsson. (2010). Sveitin má ekki verða verkamanninum að selstöð: Um samvitund Húnvetninga og handskrifuð blöð. *Húnavaka* 50, 105–119.

Dewey, J. (1963). *Experience and Education*. New York: Collier Books, Macmillan Publishing.

Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun*. Gunnar Ragnarsson þýddi. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Dewey, J. (2007). *Democracy and Education*. Teddington: The Echo Library.

Eggert Lárusson og Meyvant Þórólfsson. (2010). „Stjórnarbylting á skólasviðinu“: Um kennslufræði Ögmundar Sigurðssonar. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/008.pdf>

Einar Hjörleifsson Kvaran. (1901). Alþýðumentun hér á landi. *Tímarit Hins íslenska bókmentafélags*, 22(1), 36–63.

Friðrik Hjartarson. (1916). Um kenslubækur o.fl. *Skólablaðið*, 10(10), 151–155.

Gerður G. Óskarsdóttir. (2014). Tengsl skóla og grenndarsamfélags – útinám. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (bls. 217–237). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðjón Baldvinsson. (1909). Dr. Haufe: Gleðiboðskapurinn um eðlilegt uppeldi. *Skólablaðið*, 3(19–20), 73–74.

Guðmundur Finnbogason. (1905). *Skýrsla um fræðslu barna og unglunga veturinn 1903–1904*. Reykjavík: Án útgefanda.

Guðmundur Finnbogason. (1994). *Lýðmenntun: Hugleiðingar og tillögur* (2. útgáfa). Heimildarrit í íslenskri uppeldis- og skólasögu 1. Ritstjóri Loftur Guttormsson. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Guðmundur Hjaltason. (1911). Smágreinir um uppeldi: VIII: Kennsla undir berum himni. *Skólablaðið*, 5(6), 87–88.

- Gunnar Karlsson. (1982). Markmið sögukennslu: Söguleg athugun og hugleiðingar um framtíðarstefnu. *Saga*, 20, 173–222.
- Gunnar M. Magnúss. (1939). *Saga alþýðufræðslunnar á Íslandi: Hátíðarit S.Í.B.* Reykjavík: Samband íslenskra barnakennara.
- Hallgrímur Jónsson. (1917). Ávarp. *Vörður*, 1(1), 1–2.
- Helgi Hjörvar. (1920a). Um alþýðufræðslu í Svíþjóð. *Skólablaðið*, 12(1), 7–11.
- Helgi Hjörvar. (1920b). Um alþýðufræðslu í Svíþjóð. *Skólablaðið*, 12(3), 33–37.
- Helgi Hjörvar. (1920c). Um alþýðufræðslu í Svíþjóð. *Skólablaðið*, 12(6), 76–82.
- Helgi Hjörvar. (1920d). Um alþýðufræðslu í Svíþjóð. *Skólablaðið*, 12(11), 144–148.
- Helgi Hjörvar. (1921). Skólar: Sumarskóli. *Skólablaðið*, 13(7), 83.
- Hjálmar Sigurðarson. (1890). Um menntun og uppeldi barna. *Tímarit um uppeldi og menntamál*, 3(1), 59–86.
- Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir. (2014). *Útikennsla og útinám í grunn-skólum*. Reykjavík: Mál og menning.
- Ingi Sigurðsson. (2004). Áhrif hugmyndafræði Grundtvigs á Íslendinga. *Ritmennt*, 9, 59–94.
- Ingi Sigurðsson. (2006). *Erlendir straumar og íslensk viðhorf: Áhrif fjölþjóðlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830–1018*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Íslands saga. (1908). *Skólablaðið*, 2(4–5), 46.
- Jóhannes Sigfússon. (1889). Um almenningskóla í Bandaríkjunum. *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 10(1), 1–69.
- Jón Torfi Jónasson. (1999). Lýðháskólar á Íslandi í byrjun 20. aldar. Í Helgi Skúli Kjartansson o.fl. (ritstjórar), *Steinar í vörðu til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri* (bls. 107–134). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Jónas Jónsson. (1909). Kvöldskólinn í Grettisgötu 2. *Skólablaðið*, 3(19–20), 77.
- Jónas Jónsson. (1911). Um skóla erlendis. *Skólablaðið*, 5(12), 180–182.
- Jónas Jónsson. (1912a). Skólar erlendis: V: Landfræði. *Skólablaðið*, 6(7), 99–100.
- Jónas Jónsson. (1912b). Skólar erlendis: VI: Náttúrufræði. *Skólablaðið*, 6(8), 115–116.
- Jónas Jónsson. (1912c). Skólar erlendis: VII: Reikningur. *Skólablaðið*, 6(8), 116–118.
- Jónas Jónsson. (1912d). Skólar erlendis: VII: Teikning. *Skólablaðið*, 6(9), 131–133.
- Jónas Jónsson. (1913a). Nýu skólarnir ensku: VI. *Skinfaxi*, 4(2), 15–16.
- Jónas Jónsson. (1913b). Nýu skólarnir ensku: VII. *Skinfaxi*, 4(3), 23–24.
- Jónas Jónsson. (1913c). Nýu skólarnir ensku: VIII. *Skinfaxi*, 4(4), 30.
- Jónas Jónsson. (1913d). Nýu skólarnir ensku: VIII. *Skinfaxi*, 4(5), 36–38.

„Átthagarnir eru hverjum manni miðstöð heimsins“: Hugmyndir íslenskra skólamanna á síðasta hluta nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu um grenndaraðferð í skólastarfi

Jörgen L. Pind. (2006). *Frá sál til sálar: Ævi og verk Guðmundar Finnbogasonar sálfræðings*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Kennarafjlagið tvítugt. (1909). *Skólablaðið*, 3(8–9), 29–31.

Kennaraskólanum slitið: Úr ræðu skólastjóra. (1919). *Skólablaðið*, 11(5), 68–73.

Kristín Indriðadóttir. (1995). Hugmyndir Steingríms Arasonar um kennslu og skólastarf: Uppruni og afdrif. *Uppeldi og menntun*, 4(1), 9–33.

Loftur Guttormsson. (1999). Athugagreinar um upphaf sögukennslu í íslenskum barnaskólum. Í Baldur Hafstað og Baldur Sigurðsson (ritstjórar), *Helgisþjöll framin Helga Skúla Kjartanssyni fimmtugum, 1. febrúar 1999* (bls. 7–13). Þaralátursfirði [rétt Reykjavík]: Meistarautgáfan.

Loftur Guttormsson. (2008a). Lagagrunnur og framkvæmdir 1926–1945. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi: Skólalald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 108–123). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Loftur Guttormsson. (2008b). Sjálfsprotnir skólar. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi: Skólalald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 56–71). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Loftur Guttormsson. (2008c). Þjóðfélagsbreytingar og menntamál. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi: Skólalald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 38–53). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Lög um fræðslu barna nr. 59/1907.

Lög um fræðslu barna nr. 40/1926.

Lög um fræðslu barna nr. 94/1936.

Lög um uppfræðing barna í skript og reikningi nr. 2/1880.

Olsen, J. (1900). Alþýðuskólarnir og þjóðlífið: Fyrirlestur eftir J. Olsen, yfirkennara í Varde.

Ólafur H. Jóhannsson. (1994). Inngangur. Í Guðmundur Finnbogason, *Lýðmenntun: Hugleiðingar og tillögur* (2. útgáfa) (bls. 9–20). Heimildarrit í íslenski uppeldis- og skólasögu 1. Ritstjóri Loftur Guttormsson. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Ólafur Páll Jónsson. (2010). Hugsun, reynsla og lýðræði. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 13–41). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ólafur Rastrick. (2008). Nýjar skyldunámsgreinar. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi: Skólalald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 196–209). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ruth Margrét Friðriksdóttir. (2012). *Grenndaraðferð og grenndarkennsla: Hugmyndir íslenskra skólamanna 1880–1936*. Óbirt B.Ed. ritgerð. Háskólinn á Akureyri: Hug- og félagsvísindasvið, kennaradeild.

S. J. (1914). Um ættjarðarást: I. *Skinfaxi*, 5(7), 87–89.

- Sara Regína Valdimarsdóttir. (2009). *Staðarstolt: Um grenndarkennslu í grunnskólum Skagafjarðar*. Óbirt M.Ed.-ritgerð. Háskóli Íslands: Menntavísindasvið.
- Sigurjón Jónsson. (1913). Hinu megin við sjóndeildarhringinn. *Skólablaðið*, 7(4), 59–61.
- Skólalald undir beru lofti úti í skógi. (1910). *Skólablaðið*, 4(8), 124–125.
- Steingrímur Arason. (1910). Unglinga-farskólar. *Skólablaðið*, 4(8), 118–120.
- Steingrímur Arason. (1919). Stjórnarbylting á skólasviðinu. *Andvari*, 44(1), 1–27.
- Steingrímur Arason. (1920). Sumarskóli. *Skólablaðið*, 12(10), 136–139.
- Steingrímur Arason. (1921a). Áttagafræði. *Skólablaðið*, 13(9), 98–100.
- Steingrímur Arason. (1921b). Útlönd: Ný vakning. *Skólablaðið*, 13(3), 34–35.
- Steingrímur Arason. (1924). *Landafræði fyrir börn og unglínga*. Reykjavík: [Án útgefanda].
- Undirstaðan: I. (1899). *Kennarablaðið: Mánaðarrit um uppeldi og kenslumál*, 1(2), 17–21.
- Undirstaðan: II. (1899). *Kennarablaðið: Mánaðarrit um uppeldi og kenslumál*, 1(3), 33–36.
- Ögmundur Sigurðsson. (1889). Um landafræðiskennslu alþýðu. *Tímarit um uppeldi og menntamál*, 2(1), 35–104.

#### Um höfunda

Ruth Margrét Friðriksdóttir (ruthmargret@hotmail.com) er meistaranemi við kennaradeild Háskólans á Akureyri og starfar við kennslu við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði. Hún lauk B.Ed.-prófi í júní 2013. Rannsóknaráherslur hennar beinast aðallega að læsi og nýtingu grenndaraðferðar við nám og kennslu leik- og grunnskólabarna.

Bragi Guðmundsson (bragi@unak.is) er prófessor í sagnfræði við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Hann er með cand.mag.-próf í sagnfræði frá Háskóla Íslands auk kennsluréttinda og starfaði í þrettán ár sem framhaldsskólakennari. Rannsóknaráherslur Braga hafa lengi beinst að grenndarfræðum og nýtingu grenndaraðferðarinnar við nám og kennslu á öllum skólastigum. Önnur áherslusvið hans tengjast einkum skólasögu og samvitundarfræðum.

#### Efnisorð

*grenndaraðferð – grenndarkennsla – kennsluaðferðir  
– skólamenn – skólasaga*

#### About the authors

Ruth Margrét Friðriksdóttir (ruthmargret@hotmail.com) is an M.Ed. student at the Faculty of Education at the University of Akureyri and teaches at Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði. She obtained a B.Ed. degree in June 2013. Her research primarily focuses on literacy and the utilization of local studies in preschools and primary schools.

Bragi Guðmundsson (bragi@unak.is) is Professor of History at the Faculty of Education at the University of Akureyri. He holds a cand. mag. degree in

„Átthagarnir eru hverjum manni miðstöð heimsins“: Hugmyndir íslenskra skólamanna á síðasta hluta nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu um grenndaraðferð í skólastarfi

History from the University of Iceland and worked for thirteen years as a high school teacher. His research interests have long included local studies and their utilization at all school levels. His other fields of research mainly deal with school history and collective identity.

**Key words**

*local studies – local teaching – teaching methods  
– school history – educationalists*



Ruth Margrét Friðriksdóttir og Bragi Guðmundsson. (2015). „Átthagarnir eru hverjum manni miðstöð heimsins“: Hugmyndir íslenskra skólamanna á síðasta hluta nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu um grenndaraðferð í skólastarfi. *Netla – Vefímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/003.pdf>